

Fundargerð 24. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 14. janúar 2015

Mættir: Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Lóa Birna Birgisdóttir gjaldkeri, Málfríður Sigurhansdóttir, Hilmar Örn Jónasson, Ragnar Marteinnsson, Emil Örn Harðarson mótastjóri og Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri

Afboða: Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Ingi Þór Ágústsson, Jacky Jean Pellerin landsliðsþjálfari og Jónas Tryggvason.

Fundur settur kl. 18:30

1. Fundargerðir

- a. Verkefnafundur dags. 2/2'15

DMT nefnd verður bent á að skoða vinnuáferðir Eista og Svía í sambandi mótahald yngri aldursflokka

- b. Verkefnafundur dags. 9/2'15

- c. DMT dags. 2/2'15

Stjórn SSÍ þakkar DMT fyrir vinnu við fjárhagsáætlun sem kemur fram í 1.lið fundargerðar og staðfestir einnig hugmyndir nefndarinnar um greiðslur fyrir dómaramámskeið.

Stjórn SSÍ tekur undir með DMT að ekki eigi að raða mörgum mótum á sömu helgar en bendir á að einungis eitt þessara móta var skráð á atburðadagatal SSÍ.

Varðandi 4.lið fundargerðar DMT er ljóst að FINA Swimming Official School kemur ekki til landsins að þessu sinni. Skrifstofa SSÍ sendir aðra umsókn til FINA þegar opnað verður á slíkt

Varðandi 5.lið þá fagnar stjórn SSÍ áhuga DMT á framkvæmd Smáþjóðaleika í sundi og bendir nefndinni á að vera í sambandi við greinastjóra sundsins.

Varðandi lið 6b styður stjórn SSÍ að íslenskir dómara fari til dómgæslu á mótum erlendis.

Fundargerðir staðfestar

2. Sundþing 6. – 7. mars 2015

- a. Málefni á sundþingi

- i. Skýrsla stjórnar 2013 til 2014 er í vinnslu og verður send stjórnarfólki á rafpósti til yfirlestrar
- ii. Reikningar eru á lokastigi í bókun. Þeir verða undirritaðir og bornir undir skoðunarmenn um leið og bókun er lokið.
- iii. Fjárhagsáætlun 2015 til 2017 byggir á niðurstöðu reikninga síðasta árs og er því í vinnslu. Verður send stjórnarfólki í rafpósti til yfirlestrar
- iv. Tillöga um þjónustugjöld – lagt er til að þjónustugjöld hækki um 5-10% á ári næstu tvö ár.
- v. Stefna SSÍ liggur fyrir að mestu í uppfærðri stefnu SSÍ. Lagt til að við Afreksstefnu bætist sérstakur kafli um uppbyggingu unglingslandsliða.
- vi. Lagabreytingar
 1. Lögð til breyting á 5.grein laga SSÍ þar sem tilgreint er hvernig fulltrúar á sundþingi sækja umboð sitt
 2. Lögð til breyting á 6.grein laga SSÍ og gert ráð fyrir að mótanefnd verði ekki ein af fastanefndum sundþings.
 3. Lögð til breyting á 12.grein laga SSÍ þar sem orðalag er lagfært en einnig gerðar breytingar á fastanefndum SSÍ milli sundþinga.

Stjórn staðfestir vilja til að leggja þessar tillögur fram í sínu nafni

- vii. Breytingar á almennum ákvæðum

Fundargerð 24. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 14. janúar 2015

1. Lögð til breyting á 7.grein almennra ákvæða til að lagfæra orðalag.
2. Lögð fram breyting á 15.grein almennra ákvæða til að lagfæra orðalag.
3. Lögð fram breyting á 18.grein almennra ákvæða til að lagfæra orðalag.
4. Lögð fram breyting á 25.grein almennra ákvæða til að skýra nákvæmlega hvernig mótmæli og kærur skulu höndlaðar og hverjir bera ábyrgð í því ferli.

Stjórn staðfestir vilja til að leggja þessar tillögur fram í sínu nafni

5. Lögð fram breyting á 20.grein almennra ákvæða til að skerpa á félagsaðild sundfólks og ábyrgð félaga.

Formaður heldur áfram að vinna að þessu máli í samstarfi við ÍSÍ og formar tillögu sem stjórn leggur fram, með það að markmiði að málið fái eðlilega umræðu á þinginu

viii. Breytingar á öðrum reglugerðum

1. III kafli um hlutverk SSÍ og starfsnefnda
 - a. Fyrri hluti kaflans óbreyttur en síðari helmingi hans um starfsnefndir er breytt mjög mikið og er tilgangurinn að verkefni nefnda verði skýrari og meira í samræmi við það sem stjórn er að vinna að á hverjum tíma.
2. V kafli um íslensk met
 - a. Orðalags- og efnisbreytingar sem miða að því að færa textann að því sem gert er í raunveruleikanum.
3. XI kafli um Aldursflokkamót
 - a. Rætt um að stjórn leggi fram tillögu/tillögur þannig að málið fái formlega umræðu og afgreiðslu á Sundþingi

Stjórn staðfestir vilja til að leggja þessar tillögur fram í sínu nafni

ix. Önnur málefni

1. Atburðadagatal / mótahald

Skrifstofa SSÍ kallar eftir óskum félaga um atburði á dagatalið. Sett verður fram ályktunartillaga á sundþing sem miðar það því að mótahaldið verði reglubundnara og markvissara.

b. Heiðursviðurkenningar

Formaður, varaformaður og gjaldkeri leggja fram tillögu um heiðursviðurkenningar á sundþingi

c. Skipan stjórnar og skoðunarmenn

Kjörnefnd er að störfum

d. Ráðstefna samhliða sundþingi

- i. Fengnir verða innlendir og erlendir aðilar til að opna umræður
- ii. Á að fjalla um
 1. Úrræði til að fjölga iðkenndum
 - a. Í keppnissundi
 - b. Í garpasundi
 - c. Í Víðavatnssundi

Fundargerð 24. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 14. janúar 2015

- d. Í sundknattleik
 - e. Í almenningsundi
 - 2. Úrræði til að fjölga virkum sundfélögum og deildum
 - 3. Úrræði til að koma á virkri félagaskráningu innan sundhreyfingarinnar
- Framkvæmdastjóri og mótastjóri eru að undirbúa ráðstefnuna*

3. Erlend og alþjóðleg verkefni 2015/2016

- a. ÍM50 í Laugardalslaug 10. – 12. apríl 2015 (SSÍ verkefni)
- b. Smáþjóðaleikar á Íslandi í Laugardalslaug 1. til 6. júní 2015 (ÍSÍ verkefni í framkvæmd SSÍ) 16 til 20 þátttakendur
 - i. Málfríður Sigurhansdóttir verður flokkstjóri
 - ii. Unnur Sædís Jónsdóttir verður sjúkrapjálfari
 - iii. SSÍ hefur pantað Farfluglaheimilið fyrir íslenska sundhópinn þar sem ÍSÍ mun ekki leggja til gistingu fyrir íslenska íþróttafólkið
- c. Evrópuleikar í Baku Azerbajjan 22. – 28. júní 2015 (ÍSÍ verkefni kemur í stað EMU) 4 þátttakendur
- d. NÆM í Finnlandi 11.-12. júlí 2015 (NSF verkefni) ? þátttakendur
- e. EYOF í Tíblisi Serbíu 24. – 29. júlí 2015 (ÍSÍ verkefni) 4 – 6 þátttakendur
- f. HM50 í Kazan Rússlandi 2. – 9. ágúst 2015 (SSÍ verkefni) 6 – 10 þátttakendur
- g. World Cup 11. – 12. ágúst í Moskvu og 15. -16. ágúst í París. ?með þátttöku
- h. HMU í Singapore 1. – 6. september 2015 (SSÍ verkefni) ? þátttakendur ? lágmark tillaga frá Landsliðsþjálfara. 14-17 ára stúlkur og 15-18 ára strákar
- i. ÍM25 2015 (SSÍ verkefni í framkvæmd ?)
- j. NMU 2015(NSF verkefni)
- k. EM25 í Ísrael desember 2015 (SSÍ verkefni) ? þátttakendur
- l. RIG í Reykjavík 2016 (SSÍ verkefni í samvinnu við Sf Ægi og ÍBR)
- m. ÍM50 2016
- n. NÆM 2016
- o. EMU 2016
- p. EM50 í London Englandi 2016 (SSÍ verkefni)
- q. EM garpa í London Englandi 2016 (einstaklings- og félagaverkefni með stuðningi SSÍ)
- r. Ólympíuleikar í Ríó ágúst/september 2016 (ÍSÍ verkefni)
- s. Önnur verkefni ss World Cup
- t. Æfingabúðir landsliða
- u. Samstarf við aðrar þjóðir
- v. Kostnaðaráætlanir

4. Erindi frá sundfólki erlendis

- a. Borist hafa erindi frá 3 sundmönnum í námi í USA vegna ÍM50

Stjórn samþykkir að styrkja sundfólk sem ekki er á öðrum styrkjum frá SSÍ en er í námi í USA og ætlar að koma til keppni á ÍM50 2015 um allt að kr. 60.000,00

Fundargerð 24. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 14. janúar 2015

5. Félagaskipti

Nafn:	fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Engin félagaskipti liggja fyrir				

6. Staðfesting meta

50 metra laug

Stúlkna

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
800m skriðsund	Harpa Ingbórsdóttir	SH	09:09,94	16.01.15	Reykjavík

7. Önnur mál

- Upp hefur komið óánægja frá félagi vegna vinnubragða skrifstofu við að skipuleggja þjálfara í landliðsverkefni.

Stjórn og starfsmenn SSÍ munu skoða mögulega vinnuferla til að koma í veg fyrir slíkar uppákomur í framtíðinni

Stjórn áréttar nauðsyn þess að félög vinni með SSÍ í undirbúningi og framkvæmd landsliðsverkefna

- ÓL

- Lágmörk fyrir Ólympíuleikana 2016 hafa verið gefin út
- Landsliðsþjálfari hefur sett saman millilágmörk til að afmarka íslenskan ólympíuhóp

Stjórn tekur ákvörðun um framhald málsins á næsta fundi sínum

- Styrkir vegna landliðsverkefna
 - Þegar uppgjör á styrktarfé SSÍ 2014 lá fyrir tók SSÍ þá ákvörðun að styrkja það sundfólk frekar sem tók þátt í HM25 og er ekki á sérmerktum einstaklingsstyrkjum SSÍ.

Staðfest

- Smáþjóðaleikar
 - 20.mars þarf að skila longlist til ÍSÍ með myndum og afritum af vegabréfum
 - 6.maí er síðasti skráningardagur
 - „Íslandshús“ verður í íþróttamiðstöðinni og fararstjóri SSÍ tekur afstöðu til þess hvort sú aðstaða verður notuð af íslenska sundliðinu í samráði við landsliðsþjálfara
 - Fagteymi sundliðsins verður Unnur Jónsdóttir sjúkraþjálfari. Að öðru leyti nýtir íslenska sundliðið fagteymi ÍSÍ
 - Mátun á fatnaði keppenda og annarra þátttakanda fer fram 12.apríl í lok ÍM50
 - Sérsambönd eru hvött til að kynna leikana á ÍM50 og safna áfram sjálfboðaliðum
 - Sundlið Íslands verður í Farfuglaheimilinu með gistingu
 - Kostnaðarskipting milli ÍSÍ og sérsambanda verður 70% ÍSÍ og 30% sérsamband pr einstakling og ÍSÍ gerir ráð fyrir að verðmiði á sérsamband sé kr. 30.000,00 á mann fyrir utan gistikostnað

Fundi slitið kl. 20:45